



SOS BARNAPORPIN

Öll börn vilja gott heimili

Lísa hefur verið SOS-foreldri tveggja barna síðan hún var 18 ára

„Stúlkan minnir mig á sjálfa mig“



**Guðrún prjónaði 57
lopapeysur fyrir heilt
barnaþorp**



**Svala var sjálfboðaliði í
þremur barnaþorpum**



Gekk ekki í skóla í 3 ár

Gelgjan og aðrar áskoranir foreldra

Pað getur verið erfitt að vera foreldri. Börnin okkar fá öll sinn skammt af áskorunum. Þau meiða sig, verða veik, þeim er strítt, þau glíma við námið, verða einmana og þeim finnst pabbi og mamma stundum ósanngjörn, leiðinleg og hallærisleg. Á slíkum stundum getur tekið á að vera foreldri. Þetta þekkja foreldrar hvar sem er í heiminum.

Börn sem alast upp í SOS barnaþorpum fá líka sinn skammt af áskorunum. Jafnvel stærri skammt en mörg önnur börn ef eitthvað er vegna þess að þeirra eigin foreldrar eru ekki til staðar. SOS mæðurnar hafa gengið börnunum í móðurstað og þurfa að takast á við foreldrahlutverkið og allt sem því tilheyrir.

Á dögnum hitti ég SOS mæður í barnaþorpi á Filippseyjum. Þær ræddu þessar áskoranir opinskátt og sögðust þær vera í vandræðum með suma unglingana. Nefndu þær mál eins og tölvunotkun, samskipti kynjanna, útivistartíma, heimanám, heimilisstörf og allt hitt sem reynst getur erfitt á unglingsárunum. SOS mæðurnar voru ekkert að fela vanmátt sinn gagnvart þessum áskorunum og úr varð að forstöðumaður þessa tiltekna barnaþorps mun kalla til sérfræðing til að fræða mæðurnar enn frekar um það hvernig best er að taka á þessum málum.

Þú sem styrkir barn í SOS barnaþorpi mátt vera viss um það að SOS mæðurnar taka starf sitt alvarlega. Þær líta á börnin sem þeim hefur verið treyst fyrir sem sín eigin og oft hafa þær áhyggjur af þeim. Þær geta orðið andvaka af áhyggjum af börnunum og finnst vandamálin stundum vera sér ofviða. Stundum brynna þær músum vegna þessa.

Þessar konur (í sumum þorpum eru líka karlar) eru máttarstólpinn í starfsemi SOS Barnaþorpanna og eru lykillinn að því að bjarga börnum úr vonlausum aðstæðum, mæta þörfum þeirra og koma þeim til manns. Þær gætu þó ekki sinnt sínum störfum ef ekki væru styrktarforeldrar eins og þú sem sérð þeim fyrir fjármunum til að fæða og klæða börnin og mæta öðrum þörfum þeirra, jafnvel þó það geti tekið svolítið á.

Hjartans þakkar fyrir þinn stuðning við SOS börnin – og gleðilega hátíð!

Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi



”

SOS

mæðurnar

voru ekkert að

fela vanmátt

sinn gagnvart

þessum

áskorunum

og úr varð að

forstöðumaður

þessa tiltekna

barnaþorps

mun kalla til

sérfræðing

til að fræða

mæðurnar...”

Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

Haltu áfram að gefa von

Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna. Hafðu samband við okkur til að fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag“ eða til að fá frekari upplýsingar um erfðagjafir til samtakanna.



www.erfdagjof.is



Útgefandi
SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ritstjóri
Hans Steinar Bjarnason

Ábyrgðamaður
Ragnar Schram

Prófarkarlestur
Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd
Friðrik Páll Schram

Umbrot
Halldór Elías Guðmundsson

Prentun
Oddi

Upplag:
18.000

Fréttablað SOS
Barnaþorpanna kemur út
þrisvar á ári. Það er sent til
styrktaraðila og er jafnframt
liður í fjáröflun.

SOS BARNAPORPIN
Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 5642910
sos@sos.is
www.sos.is

Fylgstu með okkur á
samfélagsmiðlum

 sos.barnathorpin

 sosbarnathorpin

 SOS Barnaþorpin



EFNISYFIRLIT

4 // GUÐRÚN OG LOPAPEYSURNAR

Guðrún þrjónaði 57 lopapeysur á heilt barnaþorp

5 // SVALA Í NEPAL

Svala var sjálfboðaliði í þremur SOS barnaþorpum í Nepal

6 // ÞESS VEGNA ER ÉG Í UNGMENNARÁÐI SOS

Senía á styrktarsystur í SOS barnaþorpi

7 // GEKK EKKI Í SKÓLA Í 3 ÁR

Saga af 11 ára dreng í Aleppó í Sýrlandi

8-9 // BYRJADI UNG AÐ STYRKJA BÖRN

Lísa hefur verið SOS-foreldri tveggja barna síðan hún var 18 ára

10-11 // FJÖLSKYLDUEFLING SOS

Heimsókn í nýhafið verkefni okkar á Filippseyjum

12 // SVONA HJÁLPUM VIÐ LÍKA

SOS hjálpar börnum í neyð líka utan barnaþorpa

13 // GÓÐGERÐARVIKA FSu

Fjölbreyttar og frumlegar aðferðir við söfnun fyrir SOS

14 // SÓLBLÓMALEIKSKÓLAR SOS

Leikskólinn Kiðagil á Akureyri

15 // ÖÐRUVÍSI JÓLADAGATAL SOS

Fjórða árið í röð - metþátttaka



Fyrstu lopapeysurnar frá Guðrúnu voru afhentar á ungmennaheimilinu í SOS barnaþorpinu í Hemeius skömmu fyrir jól. Þar búa táningar sem undirbúa sig fyrir að standa á eigin fótum í framtíðinni.



Guðrún þrjónaði 57 lopapeysur fyrir heilt barnaþorp

Góðmennska íslenskra velunnara SOS Barnaþorpanna virðist ekki eiga sér nein takmörk. Þessu verðum við vitni að reglulega í samskiptum okkar við styrktaraðila sem t.d. færa SOS börnum sínum gjafir við hin ýmsu tilefni eða leggja til háar fjárhæðir í stökum framlögum í þágu umkomulausra barna. Óhætt er að segja að Guðrún Kristinsdóttir, kennari á Húsavík, hafi farið ótroðnar slóðir í þessum efnum.

Guðrún og eiginmaður hennar styrkja 17 ára stúlku, Cosminu, í SOS barnaþorpi í Rúmeníu og prýðir rammi með mynd af henni vegg á heimili þeirra innan um myndir af fjölskyldumeðlimum. Guðrún talar um Cosminu sem fóstursystur barna sinna. Í bréfi sem Cosmina skrifaði þeim um síðustu jól talaði hún um hversu kalt væri í Rúmeníu og þá datt Guðrúnu í hug að þrjóna lopapeysur á öll börnin og starfsfólki í barnaþorpinu.

„Þá fór ég að hugsa að ég gæti kannski gert eitt stórt góðverk á ævinni. Svo varð ég líka að finna mér eitthvað verkefni. Ég var að hætta sem formaður Völsungs eftir sjö ár. Maður verður að hafa eitthvað að gera,“ sagði Guðrún þegar hún kom og afhenti lopapeysurnar á skrifstofu SOS Barnaþorpanna í Kópavogi.

35 sólarhringar af þrjónamennsku

Síðasta vetur setti hún sig í samband við SOS á Íslandi sem fékk upplýsingar um peysustærðir allra í þorpinu og hófst hún handa við þrjónamennskuna þann 6. febrúar. Í lok nóvember hafði hún þrjónað 57 lopapeysur sem sendar voru til barnaþorpsins í Rúmeníu nú um miðjan desember. Skemmst er frá því að segja að þessi hlýlega jólagjöf frá Íslandi sló rækilega í gegn og ríkti mikil gleði í barnaþorpinu þegar peysurnar voru afhentar rúmri viku fyrir jól.

„Ætli það hafi ekki verið svona 12 peysur sem ég fékk aðstoð við að þrjóna hjá vinum, samstarfsfólki og fjölskyldu. Tíminn sem fór í þetta voru samtals 35 sólarhringar í klukkustundum talið. Svo var mér gefinn lopi og ég fékk líka góðan afslátt sem ég er afskaplega þakklát fyrir.“

Vettlingar næst

Guðrún á ennþá til afgang af lópanum og hún íhugar að munda þrjónana aftur fyrir barnaþorpið. „Ég hugsa að ég þrjóni vettlinga næst. Ætli þeir fari ekki út til Rúmeníu að ári,“ bætti Guðrún við að lokum.

Svala var sjálfboðaliði hjá SOS í Nepal í þrjá mánuði

Þessi tími opnaði augu mín fyrir mikilvægi hjálparstarfs



Svala Davíðsdóttir, 19 ára frá Kópavogi, fór til Katmandú, höfuðborgar Nepal, í byrjun september og dvaldi þar í nærri þrjá mánuði hjá bróður sínum sem þar er búsettur. Tíu SOS barnaþorp eru í Nepal, þar af þrjú þorp við Katmandú og í þeim sinni Svala sjálfboðaliðastörfum meðan á dvöl hennar stóð.

Aðstoðarkennsla og fimleikajálfun

Þrjú ævintýrlegir, þroskandi og gefandi mánuðir eru liðnir og þeir liðu svo hratt að ég trúi því varla að ég sé að kveðja Nepal. Mig hafði lengi dreymt um að fá að leggja hjálparstarfinu í SOS barnaþorpunum lið og ég var svo ótrúlega heppin að fá tækifæri til þess í haust.

Fyrsta mánuðinn var ég hluti af barnaþorpinu í Jorpati. Þar búa eingöngu börn sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar. Starf mitt fólst í því að aðstoða í kennslustofunni. Þaðan var förrinni heitið í barnaþorpið í Sanothimi. Þar búa um 140 börn og þjálfaði ég þau í fimleikum. Þriðja og síðasta mánuðinn dvaldi ég í barnaþorpinu í Kavre. Starf mitt þar fólst í að aðstoða í skólanum og þjálfva börnin í fimleikum. Þorpin þrjú eru skammt frá höfuðborginni Katmandú.

Menntun er ekki sjálfgefin

Öll þorpin eiga það sameiginlegt að vera full af góðhjörтуðu starfsfólki sem vill allt fyrir börnin gera svo þeim líði sem allra best. Ég kynntist yndislegum börnum sem ég á eftir að sakna.

Nepal er sárafátækt land. Þessi tími opnaði raunverulega augu mín fyrir mikilvægi hjálparstarfs. Börnin í SOS barnaþorpunum geta ekki búið hjá foreldrum sínum og eru ótrúlega lánsöm að fá að alast upp í SOS barnaþorpi. Þar fá þau tækifæri til að læra að lesa, skrifa og reikna auk fleiri námsgreina. Það er mikið lagt upp úr því að mennta þau svo að þau geti eignast betra líf. Menntun er ekki sjálfgefin í Nepal.

Ég er svo þakklát fyrir þetta tækifæri og óska þess af öllu hjarta að öll börn í heiminum megi búa við öryggi og mennta sig.

Hægt er að sjá myndir og myndbönd frá ferð Svölu sem hún birti reglulega á Instagramsíðu SOS Barnaþorpanna.

 [sosbarnathorpin](#)



Þess vegna er ég í ungmennaráði SOS

- að hluta til foreldrum mínum að þakka að Karolina á bjarta framtíð

Eftir Seníu Guðmundsdóttur

Fyrir 20 árum, árið sem ég fæddist, ákvaðu foreldrar mínir að gerast SOS-foreldrar. Og við það eignaðist ég styrktarsystur. Frá þeim tíma hefur margt breyst í lífi mínu. Ég ólst upp hjá foreldrum mínum, fékk góða menntun og mig skorti ekkert. Lífið var ekki jafn einfalt fyrir Karolinu, styrktarsystur mína. Hún átti foreldra sem gátu ekki séð um hana og varð munaðarlaus snemma á ævinni. Líklegt er að hún hefði ekki lífað barnæsku sína af. En þökk sé SOS Barnaþorpunum, sem tóku Karolinu

„Ég ólst upp hjá foreldrum mínum, fékk góða menntun og mig skorti ekkert. Lífið var ekki jafn einfalt fyrir Karolinu, styrktarsystur mína.“

að sér og gáfu henni nýja fjölskyldu í SOS barnaþorpi, að hún á sér framtíð. Karolina ólst upp hjá SOS móður sinni ásamt nokkrum systkinum. Karolina gat þá líka fengið menntun, umhyggju og stuðning. Í raun er það SOS Barnaþorpunum að þakka að Karolina er enn á lífi í dag.

Eina leiðin fyrir SOS til þess að fjármagna SOS fjölskyldur eins og hennar Karolinu er með peningaframlögum styrktarforeldra, eins og foreldra minna. Því mætti segja að það sé að hluta til foreldrum mínum að þakka að Karolina á bjarta framtíð. Þetta þótti mér hreinlega mögnuð tilhugsun. Þess vegna hóf ég fyrir 3

árum þátttöku í Ungmennaráði SOS Barnaþorpanna. Mig langaði til þess að taka þátt í þessu starfi sem gaf styrktarsystur minni nýtt líf og framtíð.

Gegnum starf mitt á vegum SOS Barnaþorpanna hef ég komist að því að til eru í afar áhrifaríkum stöðum á heimsvísu, einstaklingar sem alíst hafa upp í SOS barnaþorpi í barnæsku sinni. Gott dæmi um það er Samburu, sem í dag er yfirráðgjafi hjá Gates-foundation. Hann hefur hjálpað milljónum manna í neyð.

Kannski af því að hann sjálfur skilur hvað það er að vera í neyð.



Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna á Íslandi

er sjálfstæð eining sem starfar í nánu sambandi við starfsmenn SOS. Ráðið er vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára sem hefur áhuga á hjálparstarfi, þróunarsamvinnu og réttindum barna. Það nýtir krafta sína í að koma þekkingu á þessum málefnum á framfæri. Hafir þú áhuga á að ganga til liðs við ungmennaráðið, þá sendirðu tölvupóst til Hjördísar fræðslufulltrúa, hjordis@sos.is.

Gekk ekki í skóla í 3 ár

- Vissi ekki hvað hann saknaði skólans mikið

Ljósmynd: Alea Horst

Muhannad er 11 ára strákur í Sírylandi sem hefur mátt þola meiri hörmungar en við flest þekkjum. Hann býr í austurhluta Aleppó en það er sá hluti borgarinnar sem varð einna verst úti í Sírylandsstríðinu. Muhannad hafði verið áhugalaus í námi árið 2015 þegar áföllin dundu yfir. Skólinn hans eyðilagðist í árásum eins og flestir aðrir skólar í hverfinu og er talið að helmingur allra barna á aldrinum 5-18 ára hafi ekki stundað skólagöngu meðan á stríðinu stóð. Með tímanum helltist depurðin yfir Muhannad því lestrarkunnátta hans var á við fyrstu þekkinga og það skammaðist hann sín fyrir. Þó ungur væri að árum gerði hann sér grein fyrir því að með þessu áframhaldi myndi hann fara á mis við mikla möguleika í framtíðinni.

Móðirin lést

En aðstæður Muhannad áttu eftir að versna áður en þær skánuðu. Fjölskyldan missti heimilið í stríðinu en stærsti missirinn var þegar móðir hans lést. Heilbrigðiskerfið í Aleppó var í rúst og móðirin fékk ekki fullnægjandi umönnun með fyrrgreindum afleiðingum. 2015 var verulega erfitt ár fyrir Muhannad sem er yngstur þriggja systkina en þau voru á vergangi ásamt föður sínum. Þar að auki þjáðist drengurinn af þunglyndi því móðurmissirinn var honum óbærilegur.

Stuðningur frá SOS á Íslandi

Muhannad hafði ekki gengið í skóla í þrjú ár þegar góðar fréttir bárust loks. Um svipað leyti og fjölskyldan flutti inn til skyldmenna í gamla hverfinu sínu barst þeim til eyrna að SOS Barnaþorpin ætluðu að endurbyggja Althawra grunnskólanum í hverfinu. SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármögnuðu endurbæturnar sem kostuðu 12 milljónir króna

með dyggum stuðningi einstaklinga hér á landi sem lögðu verkefninu lið með frjálsum framlögum.

„Ég hélt að mig væri að dreyma þegar ég stóð fyrir framan skólann á fyrsta skóladeginum. Bara ef mamma vissi hvað ég er hamingjusamur núna,“ segir Muhannad. Þegar hann sá SOS merkið við innganginn fór um hann hlýleg tilfinning því meðan fjölskyldan var á vergangi sótti hann barnvæn svæði á vegum SOS þar sem fjöldi barna fékk m.a. sálfræðihjálp til að gera lífið bærilegra í stríðsástandinu. Muhannad fær nú aukakennslu til að vinna upp þau þrjú ár sem hann missti úr námi. Um tvö þúsund börn sneru aftur til náms vegna endurbyggingar á skólanum.

Skólinn er hamingjustaður barnanna

„Ég vildi óska þess að dagurinn taki aldrei enda því ég vil bara vera hérna. Ég elska þennan skóla,“ sagði eitt barnanna við Racha Badawi, konu sem vinnur hjá SOS í Sírylandi. Hún segir börnin ennþá hrædd eftir stríðið. „Að vera í skólanum er hamingjustundin þeirra.“



Endurbættur grunnskólinn er eins og vin í eyðimörk. (Ljósmynd: Alea Horst)

Lísa hefur verið SOS-foreldri tveggja barna síðan hún var 18 ára

Um tíu þúsund Íslendingar á öllum aldri eru SOS-foreldrar og er algengast að fólk sé komið á fertugsaldurinn þegar það tekur á sig þá skuldbindingu að framfleyta SOS-barni á þennan hátt. Breiðhyltingurinn Lísa Margrét Sigurðardóttir var aðeins 18 ára þegar hún ákvað að verða SOS-foreldri, og þá ekki bara eins barns, heldur tveggja.



Ljósmyndir: Friðrik Páll Schram

Mér fannst ég bara ekki geta gert upp á milli stúlku „eða drengs. Ég hugsaði málið í smá tíma og ákvað að slá til og styrkja bæði,“ segir Lísa sem hefur nú í rúm 5 ár styrkt dreng og stúlku í SOS barnaþorpinu Maseru í Suður-Afríkulandinu Lesótó.

Finnur ekkert fyrir framlagsgreiðslunum

Lísa ákvað að styrkja barn þegar hún var 18 ára skiptinemi í Bandaríkjunum árin 2013-2014 og skráði sig á heimasíðu SOS þegar hún kom aftur heim til Íslands. „Af hverju að bíða þangað til maður verður eldri? Við byrjum snemma að safna okkur fyrir íbúð eða draumabílnum.“

Prátt fyrir ungan aldur fannst Lísu það ekkert taka í pyngju sína að framfleyta tveimur SOS börnum. „Nei, í raun og veru ekki en það var samt tímabil sem ég var ekki vel stödd fjárhagslega og ég átti ekki fyrir önninni í framhaldsskólanum. Þetta voru jú mínir peningar en ekki foreldra minna. En ég hugsaði aldrei þannig að þetta framlag væri eitthvað sem ég myndi skera niður.

Mér kom það ekki einu sinni til hugar,“ segir Lísa og bætir við að móðir hennar hafi kennt henni að lifa sparlega. Lísa hefur unnið með skóla síðan hún var 13 ára og var í námi þegar hún skráði sig sem SOS-foreldri.

„Þeir sem þekkja mig vel vita að ég hef verið dugleg í gegnum tíðina að fá mér þriðjudagstilboð á Dominos

og fara í bíó með vinum. Mér finnst bara ekki muna neitt um það að gefa nokkra þúsundkalla fyrir einhverja sem virkilega þurfa á því að halda bara svo þeir eigi möguleika á svipuðum tækifærum og við hér. Við lifum í miklu allsnægtasamfélagi á Íslandi. Við viljum ekki alltaf viðurkenna að við höfum það gott en við höfum það í raun mikið betra en margir aðrir.“

Stúlkan minnir Lísu á hana sjálfa

Drengurinn sem Lísa styrkir heitir Atlehang, stúlkan Kefuoe og þau eru bæði 11 ára í dag. Þau eiga fjölskyldur utan barnaþorpsins sem þau geta ekki búið hjá en heimsækja reglulega. Í barnaþorpinu fá þau fullnægjandi umönnun og menntun. Lísa hefur lært mikið um aðstæður barna í Afríku með því að fylgjast með styrktarbörnunum sínum. „Börnin þarna eiga yfirleitt stærrí fjölskyldur heldur en gengur og gerist hér á landi og foreldrarir hafa minna á milli handanna handa hverju barni fyrir sig.“

Lísa segir að það gefi sér mikið að fá bréf frá barnaþorpinu með myndum

og fréttum af börnunum. „Þetta er góð andstæða við gluggapóstinn og ég opna SOS umslögin alltaf strax. Ég kynnist börnunum, fæ að vita hver áhugamál þeirra eru og ég sé þróun á persónuleika þeirra. Kefuoe var t.d. feimin þegar hún var yngri en í dag er hún alltaf fyrst á staðinn, vill spjalla við alla, kynnast öllum og er mjög

„Ég kynnist börnunum, fæ að vita hver áhugamál þeirra eru og ég sé þróun á persónuleika þeirra.“





Kefuoe minnir Lísu á hana sjálfa.

áhugasöm í námi.“ Stúlkan minnir Lísu á hana sjálfa þegar hún var á hennar aldri. „Þetta er eitthvað sem ég tengi við sjálfa mig. Ég var örugglega óþolandi barn, ég vildi tala við alla, vita allt og spurði að öllu,“ segir Lísa og hlær en finnst þetta til marks um að stúlkan hafi öðlast sjálfsöryggi og sé í öruggu umhverfi í barnaþorpinu.

Þá segir hún að nýjasta áhugamál Atlehang sé eldamennska. „Þetta er sameiginlegt áhugamál hans og vinar hans og ég er viss um að ef hann leggur þetta fyrir sig getur hann orðið flottur kokkur.“ Aðspurð segir Lísa að þó bréfin með fréttum af börnunum séu yfirleitt á jákvæðu nótunum þá sýni þau jafnframt að ekki séu allir dagar góðir, eins og gengur og gerist.

Á minningar af umkomlausum börnum á Íslandi

Lísa á líka minningar um umkomlaus börn úr æsku sinni hér á Íslandi. Lísa er úr Breiðholti en bjó um árabíl á grunnskólaaldri í Búðardal þaðan sem hún er ættuð. „Áður en við fluttum vestur var ung stúlka í skólanum sem missti móður sína. Móðir hennar var sú eina sem hún átti að. Það hafði áhrif þó ég geti ekki tengt beint við það.“

Lísa minnst þess líka að í nágrenni Búðardals voru fósturheimili þangað sem börn komu úr erfiðum aðstæðum. „Ég þekkti vel til og þekki enn fjölskyldur fyrir vestan sem tóku krakka í fóstur. Það er fullt af kærleiksríku fólki sem lætur sig líf annarra varða og vill hjálpa. Ég er alin upp með hliðsjón af því að það er til gott í okkur öllum. Ég styrki börn í Afríku en er kannski ekki alveg komin á þann aldur að taka barn inn á mitt heimili. En maður veit aldrei hvað gerist.“



Nýjasta áhugamál Atlehang er að elda með vini sínum.

Alltaf fundist sjálfsagt að hjálpa

Þó Lísa hafi brugðist vel við beiðni okkar um viðtal hefur hún ekki verið mikið fyrir að auglýsa að hún sé SOS-foreldri. „Að undanskilinni einni Facebook færslu þegar ég fékk fyrstu myndirnar af börnunum,“ segir Lísa sem fór ung að árum að láta sig góðgerðarmál varða. Hún var í skátunum og safnaði líka í þágu mannúðarmála fyrir Rauða krossinn. „Mér hefur alltaf fundist það sjálfsagt.“



„Börnin þarna eiga yfirleitt stærri fjölskyldur heldur en gengur og gerist hér á landi og foreldrarnir hafa minna á milli handanna.“

„Vonandi get ég heimsótt þau“

Lísa hefur sett sér það markmið að heimsækja Atlehang og Kefuoe í barnaþorið í Lesótó. „Nú eru þau að verða stálpuð og ef ég færi í heimsókn í dag myndu þau skilja hver ég er og muna frekar eftir mér. Þetta yrði langt og dýrt ferðalag en algerlega þess virði. Vonandi get ég heimsótt þau einu sinni, tvisvar eða jafnvel oft. Vonandi,“ segir Lísa að lokum og brosir út að eyrum við tilhugsunina.

Fjölskyldueflingin er innspýting í samfélagið

Frá Tulu Moye svæðinu í Eþíópíu (Ljósmynd: Hans Steinar Bjarnason)

Áannað þúsund Íslendinga eru SOS-fjölskylduvinir og fjármagna Fjölskyldueflingu samtakanna með mánaðarlegum framlögum að eigin vali. Þessi verkefni ganga út á að gefa sárafatækum barnafjölskyldum tækifæri til að standa á eigin fótum til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra þeirra. Alls eru 575 slík verkefni í gangi hjá SOS á heimsvísu og fjármagnar SOS á Íslandi þrjú þeirra. Fjölskyldueflingu okkar í Perú lýkur nú um áramótin og þá standa tvö eftir, í Eþíópíu og á Filippseyjum.

Niðurstaða árangursskýrslu fyrir fyrri helming ársins 2019 á Tulu Moye svæðinu í Eþíópíu er mikið gleðiefni. Það er mat umsjónarmanna verkefnisins að Fjölskyldueflingin hafi snúið blaðinu við hjá mörgum fjölskyldum. Þá hefur verkefninu verið hrósað í hástert af almenningi á svæðinu og ljóst er að vel er tekið eftir þeim jákvæðu áhrifum sem verkefnið hefur á samfélagið. Fjallað hefur verið um þetta verkefni í síðustu fréttablaðum okkar og á heimasíðunni sos.is

Allt á áætlun á Filippseyjum

Fjölskylduefling okkar á Filippseyjum er þriggja ára verkefni sem kosta mun samtals um 60 milljónir króna á þremur árum og hófst sl. vor. 1.800 börn og sárafatækir foreldrar þeirra fá sérsniðna aðstoð til að draga úr líkunum á að fjölskyldurnar sundrist vegna fátæktar. Auk þess styðjum við samfélagið á verkefnastöðunum tveimur, Tacloban og Calbayog, almennt til að sinna málefnum barna og barnafjölskyldna betur, t.d. með því að endurmennta kennara og með fræðslu um réttindi barna.

Verkefnið er að fullu fjármagnað af Íslendingum og kemur 80% fjármagnsins frá Utanríkisráðuneytinu. 20% kostnaðar er svo fjármagnaður með framlögum Fjölskylduvina ásamt frjálsum framlögum héðan. Þessi aðkoma okkar Íslendinga leggur þá ábyrgð á herðar okkar að fylgjast náið með framkvæmd verkefnisins og að það sé unnið í samræmi við áætlanir.

VERTU FJÖLSKYLDUVINUR - SKRÁNING Á SOS.IS





Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS á Íslandi, ásamt fjölskyldu í Tacloban. Eiginmaðurinn var fjarstaddur. Þau eiga fjögur börn og tekjur af óreglulegri vinnu mannsins eru innan við 5.000 kr. á mánuði.

Framfleytir 10 manna fjölskyldu á 10 þúsund krónum á mánuði

Í nýafstaðinni eftirlitsferð okkar kom í ljós að verkefnið er á áætlun og gengur vel. Allt starfsfólk þess er mjög hæft og áhugasamt og allir samstarfsaðilar (skólar, bæjarfélög, stofnanir og samtök) ánægðir með verkefnið og til í að leggja sitt af mörkum til að árangur þess megi verða sem bestur. Þá eru um 150 sjálfbóðaliðar verkefnisins vel þjálfaðir en þeir heimsækja skjólstaðinga, fræða þá og styðja.

Eftirlitsheimsóknir okkar til nokkurra fjölskyldna sem njóta stuðnings verkefnisins staðfestu hve bág kjör þær búa við og hve mikilvægt er að styðja þær til sjálfshjálpar.

Heimsóknin leiddi í ljós nokkra minniháttar hnökra og byrjunarerfiðleika sem verða lagfærðir í góðu samráði við heimamenn.

Við erum þakklát öllum þeim sem koma að því að fjármagna þetta verkefni og bæta þannig kjör og framtíðarhorfur 1.800 barna og nærsamfélaganna.



Ragnar er hér með 10 manna fjölskyldu sem hann hitti í Tacloban. Heimilisfaðirinn þénar 10 þúsund krónum á mánuði sem þurfa að duga fyrir 10 manna fjölskyldu. Hann er fimmtugur og konan hans er þrítug. Með þeim á heimilinu eru 6 börn, eitt tókubarn og ein amma.

TILKYNNING FRÁ SOS



Fjöldi barna vantar stuðning SOS-foreldrar óskast!

Stuðningur Íslendinga við umkomulaus börn í gegnum SOS Barnaporpin er eftirtektarverður erlendis og vegna þess fyllumst við miklu stolti og þakklæti. Þrátt fyrir mikinn stuðning hefur SOS-foreldrum hér á landi fækkað líttilega á árinu en þörfin fyrir stuðning við fjölda barna er

áfram mikil. Um leið og við minnum á þessa mikilvægu styrktarleið samtakanna viljum við nota tækifærið og hvetja ykkur, kæru styrktaraðilar, til að koma þessum mikilvægu skilaboðum áleliðis til fleiri Íslendinga. Við erum saman í því að gera heiminn betri.

VERTU SOS-STYRKARFORELDRI - SKRÁNING Á SOS.IS

NEYÐARAÐSTOÐ




Svona hjálpum við líka

SOS Barnaþorpin í Írak vilja koma á framfæri þakklæti til styrktaraðila SOS á Íslandi. Aðstoðin sem við fjármögnum þar er með áherslu á barnafjölskyldur á flóttu og felst m.a. í áfalla- og sálfræðimeðferð, fjárhagslegri aðstoð, dreifingu matvæla, heilbrigðisþjónustu og sameiningu fjölskyldna.

Þó SOS Barnaþorpin séu í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök þá hefur mikil þekking og reynsla áunnist sem nýtist í neyðaraðstoð. Það kemur því ekki annað til greina en að taka þátt í slíkri aðstoð. Útbreiðsla samtakanna er mikil og hamfarir verða mjög reglulega nálægt starfsstöðvum SOS. **SOS á Íslandi fjármagnar nokkur slík verkefni með framlögum styrktaraðila.**

Stuðningur SOS á Íslandi nær líka til verkefna sem stuðla að framförum og eflingu á svæðum í nágrenni SOS barnaþorpa. Má þar nefna barnaheimili í Grikklandi og byggingu dvalarheimilis á Inndandi fyrir SOS mæður á eftirlaunum. Þeir styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna á Íslandi sem greiða frjáls framlög og valkröfur í heimabanka taka þátt í fjármögnun þessara verkefna.





Sólmundur Magnús Sigurðsson, formaður nemendafélags FSU, afhenti Hjördísi Rós Jónsdóttur, fræðslufulltrúa SOS Barnaþorpanna, framlagið sem safnaðist.



Einn nemandi, Kristinn Ásgeir Þorbergsson, tók það á sig að skrifa frá verslun Bónus að FSu. Allt í þágu góðs málefnis.


200.000 krónur söfnuðust fyrir SOS í góðgerðarviku FSu

Í byrjun október stóð nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir góðgerðarviku í skólanum. Tilgangurinn var að safna pening fyrir gott málefni og í ár urðu SOS Barnaþorpin fyrir valinu.

Í upphafi góðgerðarvikunnar fengu nemendur og kennarar kynningu á starfi SOS Barnaþorpanna og þá sérstaklega á Fjölskylduefningu SOS í Epíopíu en það var verkefnið sem safna átti fyrir. Nemendur skipulögðu alls konar uppákomur sem höfðu það markmið að safna pening fyrir SOS Barnaþorpin.

Nemendur og kennarar gátu einnig skorað hver á annan og lagt pening undir. Vikan endaði svo á uppgjörshátíð þar sem nemendur og kennarar öttu kappi í óhefðbundnum boltaþróttum. Alls söfnuðust 200.000 krónur sem nýttar verða í Fjölskylduefningu SOS í Epíopíu við uppbyggingu á nýrri salernisaðstöðu við skóla á Tulu Moye svæðinu.


SOS Barnaþorpin þakka nemendafélagi FSu og nemendum skólans kærlega fyrir frábært framtak sem er svo sannarlega til fyrirmyndar.



Sólmundur tók þátt í alls konar uppátækjum til að safna pening. Meðal annars leyfði hann nemendum að kasta í sig rjóma og líma sig við staur heilt hádegishlé.



Meðal verkefna í Fjölskylduefningu okkar á Tulu Moye svæðinu er bygging nýrra salerna á skólalóðum sem eru aðskilin fyrir kynin. Á meðfylgjandi myndum má sjá muninn á gömlu salerni og nýbyggðu salerni á lóð eins grunnskólans í þorpinu Iteya. Styrkurinn frá nemendum FSu fjármagnar einmitt byggingu þessarar salernisaðstöðu.



Sólblómið er tákn verkefnisins enda eru sólblóm og börn ekki svo ólík, þau þarfnast bæði umhyggju og næringar til að vaxa og dafna. Börnin á Kiðagili komust einnig að því að þau eru öll einstök hvert á sinn hátt, alveg eins og sólblómin.

Stoltir krakkar á Kiðagili

Eftir Hjördísi Rós Jónsdóttur

Leikskólinn Kiðagil á Akureyri er einn af Sólblóma-leikskólum SOS Barnaþorpanna. Um er að ræða samstarfsverkefni milli SOS og leikskóla á landinu sem vilja láta gott af sér leiða. Leikskólabörnin fræðast m.a. um börn í öðrum löndum og réttindi barna og leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað. Leikskólinn Kiðagil hefur verið með í verkefninu frá upphafi og er leikskólinn SOS-foreldri stúlku í Kambódíu.

Í október undirbyggju leikskólakennararnir Heiðrún og Erla sólblómaviku fyrir elsta hópinn á Kiðagili þar sem

unnið var með umburðarlyndi og hjálpssemi. Vikan var nýtt til að kynna Sreynuth, styrktarbarninu þeirra, landi hennar og aðstæðum auk þess sem þau útbjuggu gjafir fyrir hana. Verkefnið gekk vonum framár og vikan sem átti að nýta í verkefnið varð að tveimur vikum.

„Þessi vinna hefur gefið börnunum innsýn inn í ólíka menningarheima og þau fengið að sjá hversu ólíkar aðstæður barna í heiminum geta verið. Þetta hreyfði við börnunum og jók samkennd á meðal þeirra og til annarra. Börnin voru mjög áhugasöm um þetta verkefni og voru stolt af verkefnavinnunni sinni sem þau sýndu í foreldrakaffi.“

– Heiðrún og Erla um sólblómavíkuna




Mikil spenna ríkti meðal barnanna sem fengu númer hjá póstinum svo þau gætu fylgst með pakkanum ferðast um heiminn.

Börnin voru mjög áhugasöm. Þau útbjuggu sólblómalistaverk, æfðu sig að skrifa nafn Sreynuth og teiknuðu myndir af henni, leituðu að Kambódíu á heimskorti, lituðu fána landsins og fjölluðu um dýrin sem búa í landinu. Þau ræddu um öryggi og vellíðan og hvað það væri sem gerði þau hamingjusöm. Börnin settu svo saman smá pakka handa Sreynuth sem þau fóru með út á pósthús.



Nemendur í Vatnsendaskóla í Kópavogi



4. - 6. bekkur í Grunnskóla Hólmavíkur



Nemendur í Nesskóla á Neskaupsstað

Metþátttaka í jóladagatalinu

Börnin fræðast um aðstæður barna í öðrum löndum

Þátttaka í Öðruvísi jóladagatali í ár hefur slegið öll fyrri met en þetta er fjórða árið sem SOS Barnaþorpin bjóða grunnskólum landsins að taka þátt í þessu verkefni. Í ár tóku rúmlega 3.200 börn úr 53 grunnskólum landsins þátt í dagatalinu.

Jóladagatalið er öðruvísi að því leyttinu til að í stað þess að börnin opni glugga og fái gjöf eða súkkulaðimola að launum þá leggjum við áherslu á fræðslu og að gefa af okkur. Í hverjum glugga leyndist stutt myndband þar sem nemendur gægdust inn í heim barna frá ýmsum löndum. Nemendur fengu tækifæri til að fræðast um aðstæður jafnaldra sinna sem búa annars staðar, fengu

að sjá hvað væri líkt og hvað væri ólíkt og gafst svo kostur á að ræða saman um innihald dagatalsins.

Nemendur gátu líka látið gott af sér leiða en samhlíða dagatalinu gátu þeir unnið létt verk heima fyrir og fengið fyrir það smá aur að launum. Sumir nemendur söfnuðu dósnum og aðrir aðstoðuðu við heimilisverkin. Peningurinn sem safnaðist fer allur í fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna á Tulu Moye svæðinu í Eþíópíu en það verkefni gefur sárafátækum barnafjölskyldum tækifæri til að standa á eigin fótum til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra þeirra.

BARNASÁTTMÁLINN 30 ÁRA

30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var fagnað 20. nóvember sl. Þetta er sá mannréttindasamningur sem hefur verið staðfestur af flestum þjóðum eða 196 talsins. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu.

Úr Barnasáttmálanum

Nr. 20: Aðskilnaður frá foreldrum
„Barni sem getur ekki búið hjá fjölskyldu sinni, tímabundið eða til framtíðar, skal tryggð önnur umönnun.“

Börn án foreldraumsjár

Árlega leggjja Sameinuðu þjóðirnar sérstaka áherslu á atriði úr Barnasáttmálanum og á dögnum var gefið út formlegt áhersluatriði þessa árs, réttindi foreldralausra barna. SOS Barnaþorpin sérhæfa sig í að hjálpa þessum börnum.

Eitt af hverjum tíu börnum

Það er langt frá því að vera sjálfgefið að börn eigi foreldra. Áætlað er að um 220 milljónir barna alist upp ein, hafi misst foreldra sína eða eigi á hættu að missa þá. Þetta er eitt af hverjum tíu börnum í heiminum.

Við þökkum kærlega fyrir þinn stuðning á árinu 2019

Hann gerði okkur kleift að hjálpa umkomlausum börnum og fátækum barnafjöldskyldum



Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Fréttablaðið er fjáröflun. Reikningsnúmer fyrir frjáls framlög 0130-26-9049, kt. 500289-2529

Einnig er hægt að styrkja með því að hringja í 907-1001 (1.000 kr) eða 907-1002 (2.000 kr)



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili